

MINNISBLAÐ

um fyrsta áfanga samstarfs LÍV, VR og SVP
um öryggi verslunarfólks

Með erindi dagsettu þann 9. september 2024 óskaði LÍV - Landsamband íslenzkra verzlunarmanna eftir samstarfi við SVP – Samtök verslunar og þjónustu til að stuðla að öryggi í verslun á Íslandi. Tilefnið var vaxandi áhyggjur verslunarfólks af ofbeldi og áreiti sem að þeim beinist í verslunarstörfum. Erindið var tekið fyrir á fundi stjórnar SVP og skrifstofu samtakanna falið að vinna að uppleggi og formgerð samstarfsins í samstarfi við LÍV.

Á fundi fulltrúa LÍV og VR með framkvæmdastjóra SVP þann 11. apríl 2025 var fyrirkomulag samstarfsins rætt. Var það álit fundargesta að skynsamlegt væri að draga fram reynslu fyrirtækja og starfsfólks í framlínu síðasta stigs viðskipta, bæði af áskorunum og áhættum og þeim viðbrögðum sem fyrirtæki kunna þegar að hafa gripið til. Var því ákveðið að undirbyggja frekari vinnu með stofnun vinnuhóps. Er lagt til grundvallar að afurð vinnuhópsins verði unnt að nýta til til frekari vinnu sem gagnast samstarfinu, t.d. til upplýsingagjafar til fyrirtækja og starfsfólks, til að þrýsta á breytingar eða aðgerðir af hálfu stjórnvalda eða sem hráefni í átaksverkefni.

Á fundi formanna LÍV og VR með framkvæmdastjóra SVP þann 11. apríl 2025 voru drög að skipulagi fyrsta áfanga verkefnisins samþykkt og er uppleggið eftirfarandi:

Markmið: Að til verði efni sem nýtist LÍV, VR og SVP á vettvangi samstarfs sem stefnir að auknu öryggi verslunarfólks.

Vinnuhópur: Vinnuhópurinn verði skipaður jafn mörgum fulltrúum atvinnurekenda og launafólks, að hámarki tíu manns.

Í hópnum sitji verslunarstjórar, öryggisstjórar, trúnaðarmenn starfsfólks og fleiri sem hafa þekkingu, reynslu og yfirsýn yfir viðfangsefnið.

Þess verður gætt að samsetning vinnuhópsins endurspegli breidd verslunarstarfa hvað best, þ.e. í honum eigi til að mynda sæti fulltrúar dagvöruverslunar, lyfsölu, byggingarvöruverslunar og fataverslunar.

LÍV og VR tilnefna fulltrúa launafólks til setu í hópnum og SVP fulltrúa atvinnurekenda.

Verkefni vinnuhópsins:

1. Að draga fram helstu atvik, áskoranir og áhættur sem varðað hafa öryggi starfsfólks verslunarinnar. Unnið verði á grundvelli víðtæks öryggishugtaks þar sem undir getur fallið allt á milli ógnana og ótta og líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis.
2. Að setja saman yfirlit yfir aðgerðir sem fyrirtæki hafa gripið til, verklag, viðmið og annað sem gagnast gæti fyrirtækjum og starfsfólki þeirra m.t.t. öryggis starfsfólks, þ. á m. forvarnir og viðbragðsáætlanir. Lagt verði mat á hvað hefur skilað árangri og hvað ekki.
3. Að taka saman lista með hugmyndum um önnur viðbrögð eða vinnulag sem gagnast gæti fyrirtækjum og starfsfólki m.t.t. öryggismála.
4. Að draga fram hvernig fyrirtæki hafa aðstoðað eða komið til móts við starfsfólk í eftirmála öryggisatvika með það fyrir augum að draga úr áhrifum þeirra á heilsu starfsfólks.

Gögn: Eftir því sem fremst er unnt byggist vinna hópsins á gögnum og upplýsingum sem aflað er.

Afurð: Gert er ráð fyrir að vinnuhópurinn skili skýrslu eða minnisblaði sem inniheldur lýsingu á verkefnum og niðurstöðum hópsins og eftir atvikum tillögum.

Gert er ráð fyrir því að afurð hópsins verði kynnt á félagsfundum LÍV, VR og SVP, opnum fundum og fundum LÍV, VR og SVP með stjórnvöldum.

Bakhjarlar: Skrifstofur VR og SVP verða fulltrúum vinnuhópsins til aðstoðar eftir því sem tilefni gefst, t.d. vegna greiningar lagalegra álitamála, yfirlesturs, gagnaöflunar, ritunar, skipulagningar funda og viðburðahalds.

Samráð: Gert er ráð fyrir að hópurinn eigi eftir því sem við á samskipti við ytri aðila á borð við lögreglu og fyrirtæki sem annast öryggisvörslu.

Tímarammi: Lokið verði við skipun hópsins fyrir tíma sumarleyfa og hann hefji störf í ágúst 2025. Vinnu hópsins verði lokið fyrir lok október 2025.

Kostnaður: Kostnaður vegna starfrækslu vinnuhópsins skiptist að jöfnu.

Úrvinnsla: Þegar afurð vinnuhópsins liggur fyrir munu LÍV, VR og SVP í sameiningu taka ákvörðun um nýta hana til þróunar frekari verkefna á borð við gerð sameiginlegra yfirlýsinga, markaðsátaka, frekara samstarfs og til að leggja sameiginlega þrýsting á stjórnvöld.

Gert í Reykjavík, 16. júní 2025